

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 213/1987, sbr. samþykkt nr. 271/1998. Breytingar í 57. gr. frá eldri samþykkt öðlast þó ekki gildi fyrr en að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum 2002.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. apríl 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

19. mars 2001

Nr. 326

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar er heimilt skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Upphæð gjaldsins er kr. 6.215 pr. íbúð í sveitarfélaginu og innheimtist það með fasteignagjöldum. Sveitarstjórn er heimilt að semja við eigendur fristundahúsa um hirðingu sorps frá húsum þeirra á tímabilinu júní til ágúst. Gjald fyrir þá þjónustu skal vera kr. 2.500 pr. hús.

3. gr.

Sveitarstjórn undirbýr átaksverkefni sem miðar að því að koma á heimajarðgerð lífræns úrgangs. Meðan á því átaksverkefni stendur er sveitarstjórn heimilt að veita þeim íbúðareigendum, sem taka þátt í verkefninu, 30% afslátt af sorphirðugjaldinu, sbr. 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 19. mars 2001.

F. h. sveitarstjórnar,

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.